

# Adhesive Epoxy

71-20250

Epoxy límið frá Kent er tveggja þátta lím, sérstaklega blandað til að nota á málm, trefjaplast og sum plastefni. Það má nota til að gera við brotna hluti, fylla holur og sprungur og til að byggja upp yfirborð. Það er snertipurrt á 6 mínútum. Þegar límið er fullharðnað má mála yfir það, og bora eða skera í það.

## Eiginleikar:

- \* Snertipurrt á 6 mínútum
- \* Má nota á málm, gler, trefjaplast og sum plastefni.
- \* Fyllir holur og lokar sprungum.
- \* Límir saman plast og málm.
- \* Þolir olíu, eldsneyti og olíu fyrir sjálfskiptingar.
- \* Hægt að slípa.

## Kostir:

- \* Sparar tíma.
- \* Má nota á mismunandi efni fyrir varanlegar viðgerðir.
- \* Sterkt og endingargott lím.
- \* Skilar fallegu yfirborði.

## **Notkun:**

Þar sem límið hentar vel á málm, gler, trefjaplast og sum plastefni er hægt að nota það á margskonar hluti. Þegar það er þornað, skilar það mjög sterkri viðgerð. Epoxy límið má einnig nota til að loka holum á gel coat yfir trefjahúð báta (þó aðeins skemmdir sem eru yfir vatnsyfirborði) og til að gera við lista o.þ.h.

## **Leiðbeiningar:**

1. Hreinsið yfirborð sem á að líma með Kent Acrysol.
2. Kreistið jafn mikið af herði og lími á hentugt yfirborð til að blanda. Kreistið frá enda túbu til að tryggja að jafnt magn fari af hvoru efni í blönduna.
3. Blandið vandlega saman.
4. Berið á annan hlutann og límið við hinn.
5. Látið standa í 30 mínútur áður en hluturinn er hreyfður og leyfið síðan að þorna yfir nótt til að límið nái að fullharðna.

